

Sædís M. Jónatansdóttir

From: Hálfdán Bjarki Hálfdánsson
Sent: 26. febrúar 2016 08:06
To: Sædís M. Jónatansdóttir
Subject: FW: Jafnrétti í sveitarfélögum - málþing og námskeið

Kv,

Hálfdán Bjarki Hálfdánsson
Upplýsingafulltrúi Ísafjarðarbæjar

From: Anna G. Björnsdóttir [mailto:anna.g.bjorndottir@samband.is]
Sent: fimmtudagur, 25. febrúar 2016 13:28
Subject: Jafnrétti í sveitarfélögum - málþing og námskeið

Vinsamlegast framsendið þessa kynningu til markhópsins, sbr. hér að neðan

JAFNRÉTTI Í SVEITARFÉLÖGUM Málþing 31. mars og námskeið 1. apríl 2016 Grand hótel, Sigtúni 38, 105 Reykjavík

Þessir viðburðir eru skipulagðir með vísun til stefnumörkunar Sambands íslenskra sveitarfélaga kjörtímabilið 2014-2018 þar sem seigir að sambandið skuli hvetja og styðja sveitarfélögin í því að ná fram jafnrétti kynjanna í reynd.

Sérfræðingar frá sánska sveitarfélagsambandinu, SALAR, munu vera með kynningu á málþinginu 31. mars og vera leiðbeinendur á námskeiðinu 1. apríl. SALAR hefur um nokkra ára skeið, með fjárvuðningi frá sánska ríkinu, stutt sánsk sveitarfélög í að gera jafnréttismál sjálfbær innan sveitarfélaga. Áherslan hefur verið á að kynjasjónarmið séu samþætt inn í starfsemi sveitarfélaga og aðferðir kynjasamþættingar nýttar til að veita fbúum betri og skilvirkari þjónustu. Á málþinginu verða einnig íslenskar kynningar og umræður um stöðu jafnréttismála í sveitarfélögum. Dagskrá málþingsins er hér að neðan. Það hefst kl. 13:30 og lýkur kl. 17:00.

Á námskeiðinu verður farið dýpra ofan í hagnýta aðferðarfæði við beita kynjasamþættingu í starfsemi sveitarfélaga og á einstökum sviðum, svo sem í skipulagsmálum, félagsþjónustu, menningar- og tómstundamálum og skólamálum. Námskeiðið mun fara fram á ensku. Það hefst kl. 09:00 og lýkur kl. 16:00. Dagskrá og upplýsingar um sánsku sérfræðingana eru hér að neðan.


Það er sánska reynslan, og reyndar alls staðar viðurkennd staðreyn, að lykillinn að árangri í jafnréttismálum er skilningur og áhugi stjórnenda. Þess vegna er aðal markhópur málþingsins yfir- og millistjórnendur í sveitarfélögum, fulltrúar í sveitarstjórnunum og jafnréttisnefndum og auðvitað líka starfsfólk sem fer með jafnréttis- og umbótamál.

Málþingið og námskeiðið eru haldin í samstarfi við Jafnréttisstofu og jafnréttisráð með fjárvuðningi ráðsins. Í tengslum við þessa viðburði verður gefið út fræðsluhæfti yfir stjórnendur um jafnrétti í sveitarfélögum sem allir þáttakendur fá í hendur.

Bæði málþingið og námskeiðið verða haldin á Grand hótel og hægt er að skrá sig á báða viðburðina eða hvorn fyrir sig. Hótel ðýður upp á herbergi á sékjörum aðfaránótt 1. apríls. Einstaklingherbergi á kr. 17.600 og tveggja manna herbergi á kr. 19.500 með morgunverði. Bóka þarf herbergi með því að senda tölvupóst á sandrab@grand.is.

Málþingsgjald kr. 2.500 og námskeiðsgjald kr. 5.000

Skráning, daðskrár og upplýsingar um sánsku sérfræðingana hér:



Anna Guðrún Björnsdóttir
sviðssjóniþróunar- og alþjóðasviðs
Beint innval: 515 4920
Netfang: <mailto:anna.g.bjormsdottir@samband.is>

Samband íslenskra sveitarfélaga
Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík
Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903
www.samband.is

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stilaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmáli. Hafir þú fyrir tilvijun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekju við tölvupóstí þessum og viðhengjum hans biðum við þig að fara eftir 9. mgr. 47. laga nr. 81/2003 um fjaraskipti og gæta fylsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.